

eftir, eða í neinu öðru augnamiði, heldur aðeins vegna þess að einhverjum findist lög í sjálfum sér vera nauðsynleg, þær væru með öðrum orðum dauðar og þýðingarlausar.

Eg ætla ekki að fara út í þá sálma hér að tala um hvaða trúarskoðanir nútímans séu sannar frá pragmatisku sjónarmiði. Eg vil aðeins segja að fyrir fólk, sem alvarlega vill hugsa um um þau efni, eru þær einar trúarskoðanir sannar, sem ekki koma í bága við þekkingu nútímans á heiminum, og umfram allt annað þær, sem lyfta mönnum upp á hærri stig manndóms og göfugrar lífsbreytni.

Á því sem sagt hefir verið vona eg að þér hafið fengið dálitla hugmynd um aðalstefnu pragmatistanna. Mér er fullljóst að það hefir aðeins verið mjög lauslegt yfirlit. Þeim, sem það geta, vildi eg ráða til að lesa hina ágætu bók próf. James, „Pragmatism“, því hvergi hafa aðalatriði stefnunnar verið sett fram jafngreinilega, og jafnlaust við flókna röksemdafærslu, sem einkennir flest heimspekisrit, og í þeirri bók.



MINNI KVENNA.

Flutt á Íslendinga-daginn í Winnipeg 3. Ágúst. 1908

I.

Sem draumbrot um framtíðar frægð,
sem frjómold á smáblettum plægð,
sem viðkvæm og veikblaða rós,
sem vindhrakið, blaktandi ljós
er þjóðréttur ykkar—hann þroskast með hægð.

En draumarnir fyllingu fá
og frjóblettir samhengi ná
og rósinni lífsþróttur ljæst
og ljósinu eldþroski næst,
en skilyrðið?— það er að þið takið á.